

38 tbl.

3. nóv. 2021

28 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábrygðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@jisl.is - s: 8953386



ÁRLEG INFLÚENSUBÓLUSETNING INFLÚENSUBÓLUSETNING FYRIR FORGANGSHÓPA Í MÝVATNS- OG ÞINGEYJARSVEIT

Bólusett verður á heilsugæslustöðinni á Laugum föstudaginn 5. nóvember frá kl. 11-12 og í Mývatnssveit á mánudögum frá kl. 13-14 og fimmtudögum frá kl. 10-11
Skráning í síma 464-0500 og 464-0501 milli kl. 10-14


Fyrstu tvær vikurnar verða áhættuhópar bólusettir. Þann 9. nóvember verður opnað fyrir almennar bólusetningar og þá eru allir velkomnir í inflúensubólusetningu.

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningu:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri
 - Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum
 - Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan
- Barnshafandi konur

Ofangreindir áhættuhópar fá bóluefnið frítt en borga komugjald, 500 kr., nema börn, eldri borgarar og öryrkjar sem eru undanþeginir komugjaldi. Þau sem eru yngri en 60 ára og tilheyra ekki áhættuhópum samkvæmt skilgreiningu Embættis landlæknis borga komugjald sem er 500 kr. og bóluefnið (Vaxigrip Tetra) sem kostar nú 1.800 kr.

ATH! Minnst 2 vikur verða að líða á milli inflúensubólusetningar og Covid-19 bólusetningar!



Árshátíð Stórutjarnaskóla

Árshátíð Stórutjarnaskóla verður haldin
fimmtudagskvöldið 11. nóvember og hefst kl 20:00

Sýnd verða verkin *Skilaboðaskjóðan* og *Stafakarlarnir*

Aðgangur kr 3000- veitingar innifaldar

frítt fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri

Allur ágóði rennur í ferðasjóð útskriftarnema

Ath. ekki er tekið við greiðslukortum

Sjoppa og dans á eftir

Allir hjartanlega velkomnir

Nemendur og starfsfólk

Kótilettur – kótilettur – kótilettur!

Kótilettufimmtudagar hefjast aftur í Jarðböðunum 4. nóvember. Við munum bjóða upp á kótilettur alla fimmtudaga frá kl. 18:00-20:00, eða á meðan birgðir endast. Gott er að panta fyrirfram með því að hringja í síma 464-4411 eða senda skilaboð á Facebook fyrir kl. 18:00 á miðvikudögum. Verðið er 2.300 krónur á mann og 1.150 krónur fyrir börn 12 ára og yngri.

Fyrirtaks kvöldverður og félagsskapur fyrir alla
Sjáumst!
-Starfsfólk Í Jarðböðunum

Lamb chops at Mývatn Nature Baths every Thursday between 18:00 and 20:00 - or as long as we have some to offer. It is always a good idea to pre-book, you can either give us a call to 464-4411 or send us a message on Facebook before 18:00 on Wednesdays.

The price is 2300 ISK per person and 1150 for children 12 years and younger.

Perfect Thursday dinner and you can always find some great company as well .

See you!

Mývatn Nature Baths



Snagi mánaðarins

Nú er best að setja sig í stellingar því Snagi mánaðarins hefst aftur 1. nóvember! Snaginn er veittur þeim sem kemur oftast í bað í hverjum mánuði og við búumst við hörkukeppni eins og alltaf.

Bestu keppniskveðjur úr Jarðböðunum

///

Get ready - Snagi mánaðarins starts again November 1st! The winner is the one with the most visits each month. Let the games begin!

See you!

Mývatn Nature Baths



Messufall

Að óviðráðanlegum orsökum fellur niður messa
sem vera átti á Einarsstöðum
næstkomandi sunnudag 7. nóvember.

Séra Þorgrímur.



Fundargerð

307. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Seiglu, fimmtdaginn 28. október 2021, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Eyþór Kári Ingólfsson, Asvaldur Ævar Þormóðsson, Freydis Anna Ingvarsdóttir, Sigriður Hlynur Helguson Snæbjörnsson, Dagbjört Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Seigla: Tillaga að breytingum - 2110026

Tillögur um breytingar á húsnæði Seiglu (Litlulaugaskóla) teknar til umræðu. Bjarni Reykjalín mætti til fundarins og kynnti hugmyndir sem hann var fenginn til að vinna um að breyta húsnæðinu í skrifstofur fyrir stjórnsýslu sveitarfélagsins. Bjarni lagði fram teikningar ásamt kostnaðarmati og verkáætlun. Í fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir fyrsta áfanga verksins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fara í framkvæmdir í Seiglu samkvæmt fyrirliggjandi tillögum og hefja fyrsta áfanga fyrir áramót. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

2. Fjárhagsáætlun 2022-2025: Forsendur og undirbúningur - 2109005

Umræðu framhaldið um forsendur og undirbúning fjárhagsáætlunar 2022-2025 sem nú er í vinnslu.

Samkvæmt fyrirliggjandi útgönguspá fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir hærri tekjum en áætlað var en einnig hærri útgjöldum. Útsvarstekjur og framlög Jöfnunarsjóðs eru hærri en tekjur voru varlega áætlaðar fyrir árið 2021. Í útgjöldum eru það fyrst og fremst launaliðir í fræðslumálum og kostnaður við félagsþjónustu sem eru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2022-2025 er gengið út frá útgönguspá 2021 og minnisblaði frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga sem byggir á Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Nýtt minnisblað er væntanlegt fyrir miðjan nóvember.

Gert ráð fyrir 3% verðlagshækku á útgjaldaliði og 5,9% á launaliði sem er nokkuð hærra en síðasta Þjóðhagsspá gerði ráð fyrir en forsendur verða endurmetnar þegar minnisblað sambandsins liggur fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gengið verði út frá ofangreindum forsendum við gerð fjárhagáætlunar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með vísan í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofn sveitarfélaga nr. 4/1995 að álagningaráhlutfall útsvars fyrir árið 2022 verði óbreytt eða 14,52%.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með vísan í 3. gr. laga um tekjustofn sveitarfélaga nr. 4/1995 að fasteinaskattur fyrir árið 2022 verði óbreyttur eða 0,625% í A flokki, 1,32% í B flokki og 1,65% í C flokki.

Vinnu fjárhagsáætlunar 2022-2025 framhaldið.

3. HSP Rekstrarsamningur: Endurnýjun - 1810037

Fyrir fundinum liggja bréf frá Gunnhildi Hinrikssdóttir f.h. Héraðssambands Þingeyinga, dags. 22.10.2021 þar sem hún óskar eftir að endurnýja rekstrarsamn-

ing sambandsins við sveitarfélagið til eins árs. Samkvæmt gildandi samningi sem er fyrir árin 2019, 2020 og 2021 er gert ráð fyrir að sveitarfélagið greiði árlega kr. 640 pr. íbúa.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að endurnýja rekstrarsamninginn til eins árs og visar til gerðar fjárhagsáætlunar 2022.

4. Fræðslunefnd: Fundargerðir - 1804052

Lagðar fram fundargerðir 88. og 89. fundar Fræðslunefndar frá 11.10.2021 og 12.10.2021. Margrét gerði grein fyrir fundargerðunum sem báðar eru í fjórum liðum.

Sveitarstjórn starfestir fundargerðirnar.

5. Skýrsla sveitarstjóra - 1903026

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni úr starfi sveitarfélagsins síðustu viku.

Undirbúnингur sameiningar Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps.

Nú á haustdögum hófst undirbúningsvinnna vegna sameiningar með starfsmannafundum og fyrillestrum um breytingaferlið, tækifærin og mannauðinn. Sigríður Indriðadóttir mannauðsráðgjafi hjá SAGA Competence hefur leitt þá vinnu. Fundir hafa verið haldnir með öllu starfsfólk sveitarfélagsins sem og sameiginlegur fundur með starfsfólk stjórnsýslu beggja sveitarfélaga. Þá hafa verið tekin starfsmannaviðtöl við starfsfólk stjórnsýslu og stjórnendur stofnana sveitarfélagsins.

Einnig er búið að skipa starfshópa til að vinna að innleiðingu breytinga og stuðla að samstarfi og samráði starfsfólks og kjörinna fulltrúa í báðum sveitarfélögum. Upphafsfundur starfshópanna var haldinn í síðustu viku og hafa þeir því formlega tekið til starfs. Starfshóparnir eru þrír:

Stjórnsýsla, fjármál og mannauðsmál

Fræðsla, félagsþjónusta og frístundir

Umhverfi, skipulag, atvinna og nýsköpun

Þá hefur Tryggvi Þórhallsson, lögmaður, verið ráðinn til Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps til að vinna að innleiðingunni en Tryggvi hefur síðustu ár starfað sem lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Tryggvi mun hefja störf þann 1. nóvember.

Upplýsingum um undirbúningsvinnu vegna sameiningar verður miðlað á thingeingur.is og eru íbúar hvattir til þess að skoða þann vef reglulega.

Aurskiður í Útkinn.

Fundað var með þingmönnum kjördæmisins og almannavörnum þann 14. október s.l. vegna aurskiðanna í Útkinn þar sem farið var yfir stöðuna og næstu skref. Sveitarstjóri hefur hefur sent formlegt bréf til forsætisráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, og afrit á samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Bréfið var sent til að upplýsa ráðherra um þær náttúruhamfarir sem áttu sér stað og mikilvægi þess að bændum verði bætt það tjón sem þeir sannarlega urðu fyrir. Forsætisráðuneytið hefur móttekið bréfið og skrifstofustjóri haft

samband við sveitarstjóra.

Starfshópur er að taka saman allar upplýsingar um hamfarirnar svo hægt sé að leggja mat á tjónið. Í framhaldinu verða þær upplýsingar einnig sendar til ráð

herra en forsætisráðuneytið hefur nú þegar óskað eftir því.

Undirritun viljayfirlýsingar um rannsóknasetur.

Pann 12. október s.l. undirrituðu fulltrúar Háskóla Íslands, Svartárkots menningar-náttúru, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps viljayfirlýsingum að vinna í sameiningu að stofnun rannsóknaseturs á svíði umhverfis-hugvísinda í sameinuðu sveitarfélagi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Fyrirhugað er að setrið verði til húsa í Gíg, sem ríkiseignir hafa fest kaup á en þar starfa einnig fjórar aðrar stofnanir á svíði umhverfismála, þ.e. Vatnajökulsþjóðgarður, Umhverfisstofnun, Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn og Landgræðslan. Á næstu mánuðum fer fram vinna við fjármögnun og annan undirbúnung stofnunar setursins.

COVID-19 smit í Þingeyjarskóla.

COVID-19 smit kom upp í Þingeyjarskóla í síðustu viku og skólahald var fellt niður föstudaginn 22. október og mánudaginn 25. október meðan smitrakning fór fram. Ekki greindust fleiri smit meðal starfsfólks eða nemenda í kjölfarið og skólahald hófst að nýju í grunnskóladeildinni þriðjudaginn 26. október. Leikskóladeildin Barnaborg opnar hins vegar ekki fyrr en föstudaginn 29. október vegna sóttkvíar starfsfólks og nemenda.

Björgunarsveitin Þingey kaupir Melgötu 9.

Í vikunnu var gengið frá kaupsamningi við Björgunarsveitina Þingey um kaup á fasteigninni Melgötu 9 á Stórutjörnum. Þingeyjarsveit átti hlut á móti björgunarsveitinni í Melgötu 9 en hefur nú selt hann til sveitarinnar.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2021.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldinn 7. og 8. október sl. Á ráðstefnunni kom m.a. fram að sveitarstjórnarfólk hefur verulegar áhyggjur af auknum launakostnaður sveitarfélaga og að líkur benda til að á yfirstandandi ári muni fjárhagsstaða sveitarfélaga versna frá fyrra ári. Aukin launa-útgjöld sveitarfélaga virðast almennt vera langt umfram tekjuaukningu.

Stjórnunar- og verndaráætlun vegna stækkuunar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Haldinn verður íbúafundar í Kiðagili seinni partinn í nóvember til að ræða gerð stjórnunar- og verndaráætlun vegna stækkuunar Vatnajökulsþjóðgarðs á norðursvæði í Þingeyjarsveit. Fundurinn verður auglýstur þegar nær dregur.

Almannavarnir, Rauði kross Íslands og Veðurstofa Íslands.

Almannavarnir munu boða til íbúafundar í lok nóvember vegna aurskriða í Útkinn til upplýsinga fyrir íbúa. Fundurinn verður auglýstur þegar nær dregur.

6. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar; Fundargerðir - 2109007

Fundargerðir 2. og 3. fundar undirbúningsstjórnar um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps.

Lögð fram til kynningar.

7. Vatnajökulsþjóðgarður - Fundargerðir - 1810004

Fundargerð 98. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Lögð fram til kynningar.

8. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) - Fundargerðir - 2002017

Fundargerð 30. fundar stjórnar SSNE.

Lagt fram til kynningar.

9. Skilgreining á svæðisbundnu hlutverki Akureyrar - 2110027

Skilgreining á svæðisbundnu hlutverki Akureyrar.

Lögð fram til kynningar.

10. Stjórnunar- og verndaráætlun Goðafoss - 2003024

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Goðafoss.

Lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 15:07

Hlaupastelpan

Er gefin út á miðvikudögum vikulega.

Auglýsingum þarf að skila
fyrir kl. 15:00 á mánudögum.



Verð frá 1. júlí 2021

Hálfsíðuauglýsingu kr. 3.850- m.vsk.

Heilsíðuauglýsing kr. 5.000- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar eru í síma 8953386
Dagný Péturnsdóttir

Stelpuna er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar.

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>